

Mánudaginn 16. maí 1938.

Nr. 127/1937. Réttvísinn og valdstjórnin

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Gísla Hjálmarssyni

(Einar B. Guðmundsson).

Kæra um svik og brot á lögum um verzlunaratvinnu og bókhald.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 60 krónur til hvors, greiðist úr rikissjóði.

Það athugast, að héraðsdómarinn hefir látið undir höfuð leggjast að velja löggiltan endurskoðanda til að yfirfara reikninga ákærða, sbr. 5. gr. laga nr. 9 frá 1926.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr rikissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Einars B. Guðmundssonar, 60 krónur til hvors.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 19. maí 1937.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Gísla Hjálmarssyni fyrrverandi kaupmanni, til heimilis á Laugavegi 49 hér í bæ, fyrir brot gegn 26.

kapítula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, lögum nr. 52 1925, um verzlunaratvinnu, og lögum nr. 53 1911, um verzlunarbækur.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 30. desember 1864, og hefir þann 12. apríl 1930 sætt 50 kr. sekt fyrir brot gegn mjólkursölureglugerð og þann 6. maí 1932 50 kr. sekt fyrir brot gegn reglugerð nr. 107 1917, en hefir ekki að öðru leyti, svo kunnugt sé, sætt ákærum eða refsingum.

Í skiptarétti Reykjavíkur þann 16. marz 1935 var bú ákærða eftir kröfu Mjólkurbús Flóamanna tekið til skipta meðferðar sem gjaldþrota. Hafði mjólkurbúið þann 5. febrúar sama ár látið fram fara fjárnámsgerð hjá ákærða til tryggingar skuld hans við það, að upphæð kr. 9815.05, en sú gerð hafði reynzt með öllu árangurslaus, þar eð ákærði átti engar eignir. Hann mótmælti þá þegar við fjárnámið skuldarupphæðinni sem fyllilega rétttri, og hefir gert það við rannsókn þessa máls, en þar sem hann viðurkennir hana að mestu leyti og hefir ekki greint mótmæli sín í einstökum atriðum, skipta þau ekki máli hér. Um aðrar skuldir en þessa var ekki að ræða við gjaldþrotið.

Á árinu 1928 byrjaði ákærði, þá skuldlaus, að starfrækja mjólkurbúð í Hafnarfirði og þann 1. ágúst 1933 setti hann upp þrjár mjólkurbúðir í Reykjavík, og rak hann allar þessar búðir, þar til Mjólkursamsalan tók til starfa þann 14. jan. 1936 (sic). Í búðum þessum seldi ákærði mjólk og innlendar mjólkurafurðir, svo sem smjör og skyr, og auk þess brauð, egg, smjörliki, innlent sælgæti og innlent öl og gosdrykki.

Allar mjólkurvörurnar keypti hann hjá Mjólkurbúi Flóamanna, en hinar vörurnar hér og þar. Stóð hann í skilum við alla lánardrottina sína og viðskiptamenn og skuldaði, eins og áður segir, engum þeirra við gjaldþrotið, nema Mjólkurbúi Flóamanna. Var skuld hans við það fyrirtæki orðin svo há þann 11. október 1934, að stöðvuð voru vörulán til hans, og greiddi hann eftir það daglega úttekt sína hjá fyrirtækinu.

Þess ber að geta, að forstjóri Alþýðubrauðgerðarinnar hefir lýst því yfir við endurskoðandann í búinu, að ákærði hafi haft vörur brauðgerðarinnar í umboðssölu og staðið vel í skilum.

Samkvæmt skýrslu endurskoðandans hafa mjólkurkaup ákærða numið langmestu af innkaupum hans, og brauðkaupin þar næst, en þó miklu minna, en aðrar vörur hafa numið litlu samanborið við mjólkina.

Viðvikjandi ákærinni fyrir brot gegn 26. kap. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 koma einungis til álitu 261.—265. grein. Verður því þegar slegið föstu án þess að fara frekar út í einstök atriði í viðskiptum ákærða, að hann hafi ekki gerzt brotlegur gegn 261.—263. gr. og 265. gr., þar sem ekkert kemur fram í rannsókn málsins, sem slíkt sanni.

Hvort hann hefir brotið gegn 264. gr. hegningarlaganna, kemur til athugunar samhliða ákærinni um brot gegn lögum nr. 53 1911, um verzlunarbækur, en hvort hann hefir brotið gegn þeim lögum, virðist byggjast á því, hvort starfræksla hans hafi verið þannig vaxin, að hann hefði þurft til hennar verzlunarleyfi samkvæmt lögum nr. 52 1925, um verzlunaratvinnu, og er því rétt að athuga fyrst ákærana um brot gegn þeim lögum.

Áður eru taldar vörur þær, er ákærði verzlaði með, og er þá að athuga, hvort þær falla undir undantekningupptalningu í 2 mgr. 1. gr. laga nr. 52 1925.

5. töluliður greinarinnar undanskilur verzlunarleyfi sölu á innlendri mjólk, skyri, eggjum og brauði og kökum.

Sala á smjöri hlýtur að falla undir undantekningar þessar, annaðhvort undir hina tilvitnuðu grein samkvæmt lögjöfnun eða þá undir 2. tölulið greinarinnar, og verður hún því ekki talin koma hér til álitu sem lögbrot.

Eftir eru þá af vörum þeim, sem ákærði verzlaði með: smjörliki, innlent sælgæti og innlent öl og gosdrykkir.

Vitanlegt er, að mjólkur og brauðbúðir, verzlunarleyfisláusar, hafa um langt skeið selt allar þessar vörur algerlega óátalið, og virðist ríkisvaldið með því hafa látið í ljós þann skilning sinn, að vörur þessar falli undir undantekningarákvaði 1. greinar nefndra laga. Það er og svo, að orðalagið í niðurlagi 2. töluliðs greinarinnar nær yfir allar þessar vörur, og þegar til kemur hin langa og fasta venja, sem hér á undan er nefnd, þykir eigi varhugavert að slá því föstu, að ákærði hafi ekki þurft verzlunarleyfi til starfrækslu sinnar. Ber því að sýkna hann af ákærinni um brot gegn lögum nr. 52 1925 um verzlunaratvinnu.

Þar sem þessi niðurstaða er fundin, þykir ljóst, að ákærði hafi ekki verið bókhaldsskyldur samkvæmt lögum nr. 53 1911, og ber því að sýkna hann bæði af ákærinni um brot á þeim lögum og 264. gr. almennra hegningarlaga.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að ákærði skuli vera sýkn af öllum kærnum réttvísinnar og valdstjórnarinnar og að allur sakarkostnaður skuli greiðast af almannafé, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærða, cand. jur. Sigurðar Ólasonar, kr. 100.00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Gísli Hjálmarsson, skal vera sýkn af ákæru réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu. Allur sakarkostnaður greiðist af almannafé, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 100.00, til skipaðs verjanda ákærða, Sigurðar Ólasonar cand. jur.

Miðvikudaginn 18. maí 1938.

Nr. 134/1937. Réttvísinn og valdstjórnin

(Garðar Þorsteinsson)

gegn

Stefáni Júlíusi Jónssyni

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Svik.

Dómur hæstaréttar.

Það brot ákærða, að hann lætur aka sér í bifreið, þótt honum sé það fullljóst, að hann getur ekki greitt aksturinn, varðar við 253. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og þykir refsing hans fyrir það brot hæfilega ákveðin 2 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Þar á móti virðast ekki fram komnar í málinu nægilegar sannanir fyrir því, að hann hafi brotið 7. gr. lögreglusamþykktar Reykja-